

# Stemmurnar hennar ömmu.

Kristín og Anna Halldóra Sigtryggsdætur kenna nokkrar stemmur

sem þeim eru kærar

laugardaginn 23 ágúst

*Kl. 14:30 - 16:30 í Háskólanum á Akureyri*



## Lækurinn / tvísöngsstemma

Tóndæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1035908>

Ég er að horfa hugfanginn  
í hlýja sumarblænum  
yfir litla lækinn minn  
sem líður fram hjá bænum.

Ó, hve marga æskustund  
áður hér ég dvaldi.  
Saklaust barn með léttu lund  
og leggina mína taldi.

Bæ ég lítinn byggði þar  
blómum utan skreytti.  
Yfir tún og engjarnar  
oft ég læknum veitti.

Nú er ekkert eins og fyrr  
á öllu sé ég muninn.  
Liggja tíndir legginir  
og litli bærinn hruninn.

Æskan hverfur, yndi dvín.  
Allt er líkt og draumur.  
Áfram líður ævin mín  
eins og lækjarstraumur.

Meðan æðum yljur blóð  
og andinn má sig hræra.  
Vil ég syngja lítið ljóð  
um lækinn silfurtæra.

Þegar eg er uppgefinn  
og eytt er kröftum mínum  
langar mig í síðsta sinn  
sofna á bökkum þínum.

Vísa: Gísli Ólafsson

## Þegar vetrar þokan grá /Lagboðastemma 30

Tóndæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1031109>

Þegar vetrar þokan grá  
þig vill fjötra inni:  
svífðu burt og sestu hjá  
sumargleði þinni.

Þar var löngum lokið skjótt  
lífsins öllum mæðum.  
Manstu, hvað þær flýðu fljótt  
fyrir hennar kvæðum?

Taktu öruggt hennar hönd,  
hún mun aftur finna  
þau hin sælu sólskinslönd  
sumardrauma þinna.

Þar sem loftsins létti son  
leið með skærum hljómi,  
þar sem yndi, vor og von  
vöggðu hverju blómi.

Fljúgðu helst á hennar fund,  
hvenær sem þú getur,  
við það munu stund og stund  
stytast nótt og vetur.

En ef létt er lundin þín,  
loftið bjart og næði:  
sestu þar sem sólin skín,  
syngdu lítið kvæði.

Það er líkt og ylur í  
ómi sumra braga;  
mér hefur hlýnað mest á því  
marga kalda daga.

*Þorsteinn Erlingsson*

### Síðan rætur sorgarljár

Hljóðdæmi:<http://www.ismus.is/i/audio/id-1031608>

Síðan rætur sorgarljár  
særir lífs míns rósar.  
Mig hafa eittrað ástartár  
ólánssamrar drósar.

Stundin harmar sú var sár  
sundur armlög slíta.  
Hrund af hvarmi höfug tár  
hrundu á barminn hvíta.

## Hjálmarskviða / Lagboðastemma 78

Hljóðdæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1032606>

### *Upphaf*

Gnudda ég broddi fjaðra fals  
fast að lettra spjeldi,  
þar sem Oddur Arngrím jarls  
ellefu niðja feldi.

Entist þor og afbragðs megn  
eins, við fjendur digra;  
stáls úr sporum steypiregn  
streymdi um lendi vigra.

Stála þingi ströngu lauk  
stirðnuð gliðna sárin;  
upp af dyngju rauðri rauk,  
rispar tönnum nárinn.

Geysi móður síður sár,  
svala brjósti þeyrinn,  
uppi rjóður stála stár  
styðst við dreyrgan geirinn.

**Vísur:** Bólu-Hjálmar.

## Hljóð á kvöldi vetrarvöld / Lagboðastemma 58

Hljóðdæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1031137>

Hljóð á kvöldi vetrarvöld  
vefa tjöld úr snævi.  
Reisa öldur faldafjöld  
fram á köldum sævi.

Sumar kveður. Svell og mjöll  
sveipar beðinn rósa.  
Hljóðnar gleði hjartans öll,  
harmar í geði frjósa.

Úti stormur kaldur hvín,  
kular inn að hjarta.  
Yfir daginn dánarlín  
dregur nóttin svarta.

Lindin tára tíðum þvær  
tregasárin hörðu.  
Margur frá, sem flaug í gær,  
fallinn er nár að jörðu.

**Vísur:** Jón Magnússon

## Flest í blíða fellur dá

Hljóðdæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1031533>

Flest í blíða fellur dá  
frekum kvíða sleginn  
eg má bíða ánum hjá  
en aðrir ríða veginn.

Hjörfameiður hleypti á skeið  
hress á leið með vinum.  
Ursi greiður undan skreið  
essum reiðar hinum.

**Veiðiför gamanríma / Tvær stemmur verða kenndar ekki fannst hljóðdæmi nema af annari.**

**Hljóðdæmi:** <http://www.ismus.is/i/audio/id-1031517>

Birta tekur blæju svartri  
bregður gríma;  
Leggur inn um skjáinn skíma.

Pegar fjalla brúnir blána  
björtum degi;  
Sjómenn væran sofa eigi.

Á bera fætur bregð ég skóm  
og bind með þvengjum,  
Á lendum buxna lyfti strengjum.

Hleyp ég svo á hlaðið út  
og höfuð kerri,  
Nefið beint í norður sperri.

Einnig gægist út og suður alla vega,  
Geyspa síðan geysilega.

Hann er svona þykkur og þunnur  
þó með bakka,  
Jeljadrög í jökulslakka.

Ef hann birtir eitthvað til  
og af sér gleður,  
slarkfært held ég verði veður.

Ég býst við þeir æði á stað  
og ætli að róa,  
Láttu kaffið koma Lóa!

Hvergi er ég hræddur hjörs í þrá,  
og hér er brókin,  
Vað ég tek og veiðikrókinn.

Ætíð fékk ég einn á skip  
þá aðrir hlóðu,  
Slógið mitt í axlir óðu.

Lét ég öngul síga í sjó  
og svo tók dúa,  
Lék þá farið létta við hnúa.

Greiðir eigi gjörast ætíð  
golþorskarnir,  
Þó til dauða séu svarnir.

Sat ég lengi, varð ei var,  
þeir vildu ei líta  
Bjartan öngul, beitu hvíta.

*Jón Thoroddsen*

## Setjumst undir vænan við/Tvísöngsstemma

Hljóðdæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1031836>

Setjumst undir vænan við,  
von skal hugann gleðja.  
Heyrum sætan svanaklið,  
sumarið er að kveðja.

Tölum við um tryggð og ást,  
tíma löngu farna,  
unun sanna, er aldrei brást,  
eilífa von guðs barna.

Endasleppt er ekkert hér,  
alvalds rekjum sporið;  
morgunn ei af aftni ber  
og ei af hausti vorið.

Oflof valið æsku þrátt  
elli sæmd ei skerði;  
andinn getur hafizt hátt,  
þó höfuð lotið verði.

**Vísur:** Steingrímur Thorsteinsson

## Nú er fjaran orðin auð

Hljóðdæmi: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1034667>

Nú er fjaran orðin auð  
öll með þara gróin.  
Því skal fara og reyna hann Rauð  
ryðja honum bara í sjóinn.